

Félag kennara á eftirlaunum

FKE-fréttir

2. tbl. 34. árg. - 25. maí 2014



Sumarferðir norður og austur

Ferðir sumarsins eru tvær. Sú fyrri er dagsferð austur yfir Hellisheiði og sú seinni tveggja náttu ferð norður í Húnavatnssýslu. Í þessu blaði eru ferðirnar kynntar og leiðbeint um skráningar.

Skráningar eru í síma 595-1111. Þær þurfa að berast í síðasta lagi föstudaginn 4. júlí og greiðslur inn á reikning félagsins: 0313-26-004211 - kennitala 421190-1359, ekki síðar en viku fyrir brottfarardag. Taka verður fram fyrir hvern er greitt. Athugaðu að greiða inn á þennan reikning en ekki aðra reikninga á nafni FKE.

Dagsferð 25. júlí - um virkjanasvæði Þjórsár og Tungnaár.***Vatnsföll og virkjanir***

Brottför frá Umferðamiðstöðinni kl. 9 árdegis.

Ekið verður sem leið liggur um Selfoss að Búrfelli. Þar er gagnvirk orkusýning í gestastofu, og kostur á léttum veitingum.

Síðan verður eftirtalið skoðað: Vindmyllur á Hafinu – Sultartanga-stöð – Búðarhálsvirkjun - Hrauneyjafossstöð – Sigöldustöð – Vatnsfellsstöð – Hrauneyjar.

Viðstaða verður lengst í Búrfellsstöð enda er hún eina mannaða aflstöðin og þar eru skoðunarferðir í boði. Miðdegisverðaráning verður í Hrauneyjum. *Þátttakendur komi með eigið nesti í ferðina.*

Næst er ekið í Árnes og þar skoðuð Þjórsárstofa sem er áhugaverð upplýsingamiðstöð. Þar er hægt að fá veitingar. Þá verður komið við í Skálholti og dómkirkjan skoðuð. Kvöldverður í Hótel Eddu á Laugarvatni. Ekið heim um Lyngdalsheiði og Mosfellsheiði.

Verð á mann er kr. 10.000. Innifalinn er akstur, leiðsögn og kvöldverður á Laugarvatni.

* * *

Þriggja daga sumarferð 15. - 17. ágúst***Samtíð og saga í Húnaþingi*****Dagur 1, föstudagur 15. ágúst.**

Lagt af stað frá Umferðamiðstöð í Reykjavík klukkan 8:30 árdegis og ekið norður heiðar. Á dagskrá þessa fyrsta dags er m.a. að skoða Borgarvirki, og aka síðan fyrir Vatnsnes. Þar verður væntanlega stansað við Hvítserk, að Tjörn, við Illugastaði (Svalbarð) og á Hvammstanga. *Mælt er með því að fólk hafi með sér nesti fyrir þennan dag en einnig verður hægt að kaupa veitingar á leiðinni.*

Kvöldverður og gisting verður í Reykjaskóla. Vakin er athygli á því að gisting í þessum fyrrum heimavistarskóla er í góðum herbergjum, eins eða tveggja manna, en salerni og baðaðstaða er ekki inni á herbergjunum.

Dagur 2, laugardagur 16. ágúst..

Þennan dag verður farið að Þingeyrum, Þrístapar í Vatnsdalshólum verða heimsóttir, ekin Svínvetningabraut að Húnavöllum og síðan umhverfis Svínavatn.

Eftir hádegi, Vatnsdalur austan ár allt að Grímsstungu og út dal að vestanverðu. Farið verður að Kolugljúfri og Laugarbakka í Miðfirði, þar sem verður stansað. Hugað verður að leiði Vatnsenda-Rósu og síðan ræðst það af tíma dags hvort víðar verður farið áður en kemur að kvöldverði og náttstað á Reykjum.

Dagur 3, sunnudagur 17. ágúst..

Byggðasafnið á Reykjum verður heimsótt eftir morgunverð, áður en lagt er upp í lokaáfangi til Reykjavíkur. Það verður óvissuferð þar sem ýmsir möguleikar verða nýttir á þeirri leið sem valin verður, en stefnt er að heimkomu milli klukkan 17:00 og 18:00.

Verð á mann í tveggja manna herbergi er kr. 35.000.

Innifalið í því verður: Akstur, gisting í tvær nætur, morgunverðir, kvöldverðir og leiðsögn. Einnig er innifalinn aðgangseyrir í Byggðasafnið á Reykjum. *Taka skal fram við skráningu hverjir vilja deila gistingu, annars raða fararstjórar fólki í herbergi.*

* * *

Þátttaka takmarkast við 70 manns í hvora ferð. Reynslan hefur sýnt að færri fá en vilja svo að nauðsynlegt er að staðfesta þátttöku tímanlega. Fyrstir panta og greiða - fyrstir fá.

* * *

Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir. Fjóla Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111. Skráningin viðheldur FKE-aðgangi þeirra að Orlofssjóðnum

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

* * *

**Stjórn og varastjórn FKE eftir aðalfund 2014:**

Þóra A. Guðmundsdóttir 867 6871 albertag@simnet.is
Þóra Kristinsdóttir 894 5555 thoraunnur@simnet.is
Pétur Bjarnason 892 0855 peturbjarna@internet.is
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir 896 5457 glasg@simnet.is
Kristján Sigfússon 867 4831 ksigfusson@yahoo.com
Halldór Þórðarson 893 6099 hallth44@gmail.com
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir .864 9669 mosarima35@simnet.is

* * *

FKE-fréttir - þetta tölublað - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgengið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað ef allir sem hafa netfang - og ekki fengu þetta eintak í netpósti - láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á gisliolafur@gmail.com.